



FERÐAMÁLARÁÐ
ÍSLANDS



Ársskýrsla 1996

Umsjón: Athygli
Ljósmyndir: Sigurgeir Sigurjónsson og fleiri
Hönnun og umbrot: Rita
Prentun: Grafík

Forsíðumynd tók Sigurgeir Sigurjónsson á Brennisteinsöldu í Landmannalaugum.



Ferðamálaráð Íslands *Ársskýrsla 1996*

Efnisyfirlit

Skýrsla ferðamálastjóra	5
Gistináttatalning	9
Fjöldi erlendra ferðamanna	10
Gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu	11
Skýrslur frá skrifstofum:	
Akureyri	12
Frankfurt	14
New York	16
Nokkrar tölulegar upplýsingar um rekstur	17
Könnun Ferðamálaráðs	18
Umhverfismál	19
Ferðamálaráðstefnan	20
Umhverfisverðlaun	21
Fjölmiðlabikar	22
Starfsfólk Ferðamálaráðs	22
Ferðamálaráð Íslands	23



Vonir um frekari atvinnusköpun og arðsemi í ferðaþjónustunni

Þegar litið er á þær tölulegu upplýsingar sem fyrir liggja um hina ýmsu þætti ferðaþjónustunnar árið 1996, og eru birtar í þessari skýrslu, sést hvernig umfang hennar hefur vaxið. Erlendir gestir urðu nú í fyrsta sinn fleiri en 200.000 á einu ári (200.835) sem er 5,8% aukning frá 1995. Upplýsingar um gistinætur og gjaldeyrstekjur gefa þó meiri vísendingu um árangur í ferðaþjónustunni.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabankans voru gjaldeyrstekjur af ferðaþjónustu árið 1996 alls 20,755 milljarðar króna. Það er 4,2% aukning frá árinu 1995. Athygli vekur að öll aukningin er til komin vegna fargjaldatekna, því jafnframt er um að ræða 2% samdrátt í eyðslu ferðamanna í landinu.

Erfitt er að skýra slíkan samdrátt til fulls þar sem nokkurt samræmi er á milli fjölgunar gistinátta og komu erlendra gesta. Að vísu eru gildandi lög um gjaldeyrstekjur atvinnugreinanna með þeim hætti að ekki er sjálfgefið að þær tekjur skili sér allar inn í íslenska bankakerfið. Og þá þarf ekki að vera óeðlilegt, þegar litið er til eðlis ferðaþjónustunnar, að sú spurning vakni hvort svört atvinnustarfsemi sé í einhverjum mæli til staðar í atvinnugreininni. Á árinu urðu einnig breytingar á samsetningu ferðamannahópsins með tilliti til þjóðerna sem geta haft áhrif á tekjuþáttinn. Fróðlegt verður að sjá hvernig niðurstöðum kannana Ferðamálaráðs um eyðslu ferðamanna ber saman við upplýsingar Seðlabankans um gjaldeyrisskil. Í mörgum löndum er eingöngu stuðst við niðurstöður kannana meðal ferðamanna, þegar gjaldeyrstekjur eru metnar.

Gistinóttum erlendra gesta fjölgaði á árinu um 6,2% frá árinu 1995 og gistinóttum Íslendinga um 6,7%. Hlutfallsleg breyting varð þó mjög mismunandi eftir þjóðernum. Þannig varð nær engin aukning í fjölda gistinátta Þjóðverja. Þeir eru eftir sem áður með um 30% af heildargistinóttum erlendra gesta og sýnir það berlega mikilvægi þess markaðar fyrir íslenska ferðaþjónustu. Aftur á móti varð veruleg aukning gistinátta gesta frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Írlandi, Spáni og Ítalíu svo nokkur lönd séu nefnd.

Þá er ekki síður athyglisverð fjölgun gistinátta Íslendinga. Á árinu var haldið áfram kynningu undir

heitinu „Ísland, sækjum það heim“ sem hófst árið 1994. Er ánægjulegt til þess að vita að allar götur síðan hefur verið stöðug aukning í fjölda þeirra Íslendinga sem ferðast um eigið land. Þessi vöxtur í ferðaþjónustunni á Íslandi 1996, svo og ýmsir aðrir þættir sem ræddir eru í þessari skýrslu, gefa okkur vonir um að frekari möguleikar séu til áframhaldandi atvinnusköpunar og arðsemi í ferðaþjónustu hér á landi.

AUKIN UMSVIF – BREYTT VINNUBRÖGÐ

Þessi auknu umsvif í ferðaþjónustu hafa eðlilega haft áhrif á starf Ferðamálaráðs Íslands og kallað á breytt vinnubrögð. Ráðið er nú með starfsemi á fjórum stöðum: Reykjavík, Akureyri, Frankfurt og New York. Auk þess tekur Ferðamálaráð þátt í rekstri Upplýsingamiðstöðvar ferðamála og Ráðstefnuskrifstofu Íslands. Aukin umsvif Ferðamálaráðs sjást m.a. á því að fyrir aðeins tólf árum var starfsemin bundin við skrifstofu í Reykjavík og New York og hvorki var til Upplýsingamiðstöð ferðamála né Ráðstefnuskrifstofa Íslands.

Þær miklu breytingar sem orðið hafa á starfsemiinni endurspeglar óskir og þarfir atvinnugreinarinnar. Í ársbyrjun 1996 samþykkti Ferðamálaráð að ráðast í gerð umfangsmikilla kannana meðal erlendra ferðamanna og skyldi að því stefnt að gera slíkar heilsárskannanir næstu fjögur árin. Ráðinn var sérstakur starfsmaður til verksins og hóf hann störf á fyrri hluta ársins. Fyrstu niðurstöður lágu svo fyrir í lok ársins. Lengi hefur verið rætt um þörf fyrir kannanir af þessu tagi og er það von mín að hér sé verið að vinna grunnögn sem nýtast muni öllum í framtíðarmótun atvinnugreinarinnar.

Þá varð ljóst á árinu að mikilvægi Internetsins sem miðils í allri markaðsvinnu ferðaþjónustunnar fór ört vaxandi. Stöðugt fleiri, innan lands og utan, notfærðu sér Internetið til þess að leita sér upplýsinga og jafnvel að bóka ferðir. Á árinu hófst vinna við gerð kynningarefnis fyrir Ferðamálaráð til notkunar í þessum miðli og er gert ráð fyrir að á árinu 1997 verði víðtækar upplýsingar um íslenska ferðaþjónustu aðgengilegar á netinu.

Eins og fram kemur annars staðar í þessari árskýrslu var á árinu 1996 unnið að enn frekari úrbótum á ferðamannastöðum en nokkru sinni fyrr. Á undanfórnum árum hefur Ferðamálaráð fengið sérstakar fjárveitingar frá Alþingi til umhverfisverkefna og sér þeirra nú stað víða um land. Á þriggja ára tímabili hefur verið unnið að úrbótum á ferðamannastöðum á vegum Ferðamálaráðs fyrir um 50 milljónir króna. Fjölmargir aðilir hafa komið að þessum verkefnum með ráðinu og ber að þakka þeim fyrir gott samstarf í hvívetna.

Til að efla hið sameiginlega markaðsstarf frekar og gera það markvissara var enn aukið samstarf við hagsmunaaðila í ferðaþjónustu. Þátttaka hagsmunaaðila í kostnaði við sameiginleg markaðsverkefni var meiri en áður og gerði það Ferðamálaráði kleift að sinna fleiri og fjölbreyttari verkefnum í markaðsmálum. Á árinu tók Ferðamálaráð til dæmis þátt í stofnun fyrirtækis í Bandaríkjunum, Scandinavian Tourism Inc., sem er í eigu ferðamálaráða Norðurlandanna fimm. Hlutverk fyrirtækisins er að endurskipuleggja og stórauka sameiginlegt markaðsstarf landanna vestanhafs.

FUNDIR, RÁÐSTEFNUR, KAUPSTEFNUR

Engar breytingar urðu á Ferðamálaráði á árinu en það var skipað til fjögurra ára í janúar 1995. Ráðið hélt fjóra fundi á árinu: einn á Kirkjubæjarklaustri, einn í Reykjanesbæ og tvo í Reykjavík. Framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs hélt alls 21 fund á árinu.

Þá var unnið mikið starf í nefndum og starfshópum innan ráðsins, svo sem markaðsnefnd, umhverfisnefnd og sýninganefnd. Þá var einnig starfandi starfshópur um lagaumhverfi ferðaþjónustunnar.

Ferðamálaráð stóð fyrir ráðstefnu um Miðhálandi Íslands í mars í samvinnu við Skipulag ríkisins.

Í september var Ferðamálaráð Íslands gestgjafi fyrir fjölsóttustu Vestnorden kaupstefnu sem haldin hefur verið en hún var að þessu sinni á Akureyri. Ferðamálaráðstefnan var svo haldin á vegum ráðsins í Reykjanesbæ í október.

Mikil umræða var á fundum ráðs og stjórnar um umhverfismál og á árinu samþykkti Alþingi ný lög um náttúruvernd sem tóku gildi 1. janúar 1997. Samkvæmt þeim tilnefnir Ferðamálaráð nú í fyrsta sinn fulltrúa í Náttúruverndarráð, auk þess sem samgönguráðherra tilnefnir einn af fimm stjórnarmönnum hinnar nýju stofnunar Náttúruverndar ríkisins.

Í upphafi ársins voru gerðar miklar breytingar á húsnaði skrifstofunnar í Reykjavík. Varð gjörbreyt-

ing á öllu vinnuumhverfi starfsfólks svo og aðstöðu til funda. Í framhaldi af því flutti Ráðstefnuskrifstofa Íslands skrifstofu sína í sama hús.

Ekki verður hér frekar farið yfir starfsemi á skrifstofum ráðsins heldur vísað til einstakra þátta skýrslunnar, en eins og áður kom fram voru umsvifin meiri en fyrr. Til að mynda var svarað fleiri fyrirspurnum á öllum skrifstofum ráðsins en áður, upplag kynningarefnis var stóraukið og dreift víðar en fyrr og móttaka og aðstoð vegna fjölmiðlafólks verður stöðugt umfangsmeiri.

Þá er vert að minnast á að aukin umræða og umfjöllun um ferðaþjónustu kallar á aðild starfsfólks og ráðsmanna að fjölda ráðstefna og funda um atvinnugreinina bæði innan lands og utan, auk mikillar ásóknar í alls konar upplýsingar því tengdar. Starfsfólk ráðsins reynir eftir föngum að verða við þessum óskum.

STEFNUMÓTUN OG FRAMTÍÐAR- SKIPULAG

Á árinu kynnti samgönguráðherra stefnumótun í ferðaþjónustu til næstu tíu ára og á vegum hans er nú unnið að frekari úrvinnslu einstakra þátta stefnumótunarinnar. Meginmarkmið hennar er að tryggja frekari uppbyggingu samkeppnishæfrar og arðvænnar atvinnugreinar til hagsældar þjóðarbúinu og almenningi. Markmiðið er að ferðaþjónustan skili þjóðinni, sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum þeirri arðsemi sem nauðsynleg er hverri samkeppnisatvinnugrein.

Þá var mikil umræða vegna vinnu við framtíðarskipulag Miðhálandisins á árinu en lokafrágangur þess skipulags skiptir ferðaþjónustuna á Íslandi gífurlegu máli. Ferðamálaráð og Skipulag ríkisins stóðu fyrir fjölmennri ráðstefnu um málið í marsmánuði. Tillögur hafa verið lagðar fram og eru þær nú til umfjöllunar. Hér er verið að taka endanlegar ákvarðanir um nýtingu verulegs hluta Íslands – og um ásýnd landsins fyrir ókomnar kynslóðir – þannig að ábyrgð okkar er mikil.

MIKILVÆGI SAMVINNU OG STÆRRI EININGA

Við Íslendingar erum svo lánsamir að hér eru frá náttúrunnar hendi ýmsir þeir þættir sem talið er að höfði til ferðamanna framtíðarinnar. Þetta er vert að hafa í huga þegar hugað er að þróun ferðaþjónustu í heiminum á næstu áratugum. En það er ekki nóg að hafa möguleikana. Það þarf að nýta þá og gæta þess



Sigurgeir Sigurjónsson

Í Landmannalaugum.

að spilla ekki forsendum þeirra. Þá þarf að kynna möguleikana og selja okkar þjónustu innanlands og utan.

Nafnið „Iceland“ er ekki auðvelt í sölu, svo við verðum að leggja harðar að okkur en samkeppnisaðilarnir og vinna saman að okkar markmiðum. Þótt Ísland sé aðeins örlítil sölueining á alþjóðlegum mörkuðum vinnur samt ótrúlegur fjöldi aðila að markaðssetningunni. Það er mín skoðun að við þurfum færri og stærri fyrirtæki í íslenski ferðaþjónustu. Nær öll fyrirtæki í íslenski ferðaþjónustu eru lítil nema Flugleiðir. Í vaxandi samkeppni hlýtur að verða tilhneiging til frekari samvinnu sem leiði til færri og stærri eininga. Þetta er þróunin í öðrum atvinnugreinum á Íslandi og um allan heim. Til að ná árangri á næstu áratugum er það mitt mat að þetta sé okkur lífsnauðsynlegt.

Ferðaþjónustan á Íslandi þarf aukið fjármagn til vaxtar eins og aðrar atvinnugreinar. Sjávarútvegur og fleiri hafa náð til sín auknu fjármagni með stækkuun eininga og með opnun fyrirtækjanna. Ferðaþjón-

ustan hlýtur að leita hliðstæðra leiða. Flugleiðir eru í reynd eina fyrirtækið í ferðaþjónustu sem er virkt á opnum hlutabréfamarkaði hér á landi.

Þeir sem vilja fjárfesta í ferðaþjónustu hafa því aðallega þrjú möguleika: að fjárfesta í Flugleiðum; kaupa starfandi fyrirtæki eða hefja eigin atvinnustarfsemi. Margir velja síðasta kostinn og því fjölgar fyrirtækjum í ferðaþjónustu ört. Á árinu 1996 voru t. d. verið gefin út 27 ný leyfi til reksturs ferðaskrifstofa sem flestar eru ennþá lítil fyrirtæki.

Auðvitað verða alltaf til frumherjar eins og þeir sem lögðu grunninn að íslenski ferðaþjónustu með hugmyndum sínum og áráði. Því verður alltaf til og á að vera ákveðinn fjöldi einherjafyrirtækja, sem svo eru kölluð. En aukin samvinna er þeim nauðsynleg. Þau þurfa, ef vel á að vera, að vera hluti stærri eininga sem sinna m.a. ýmsum meginþáttum í markaðs- og gæðamálum.

Með auknu frelsi eru stöðugt fleiri möguleikar að opnast fyrir starfsemi á erlendum mörkuðum. Íslensk ferðaþjónustufyrirtæki eiga því möguleika á

því að hasla sér völl á mörkuðum með hundruðum milljóna íbúa. Þetta hafa íslensk flugfélög gert og skapað þannig gjaldeyristekjur með „úthafsveiðum“.

Að mínu mati verður þróunin sú að fyrirtæki í ferðaþjónustu munu stækka og opnast fyrir fjárfestum, þ.e. fyrirtæki sem hafa nægjanlega fjárhagslega getu til að standa að vöruþróun og markaðssetningu á þann hátt sem samkeppni næstu áratuga krefst í alþjóðaviðskiptum. Við munum ekki ná til erlendra fjárfesta fyrr en við opnum fyrirtækin enn frekar og gerum þau aðgengilegri. Það hefur sýnt sig í öðrum atvinnurekstri að fólk er tilbúið að leggja áhættufjármagn í fyrirtæki þegar það fær tækifæri til þess, t.d. á hlutabréfamarkaði.

Íslensk ferðaþjónusta hefur sýnt að í henni býr mikill kraftur. Nú þarf að virkja þennan kraft til frekari vaxtar og samvinnu, bæði heima og heiman. Byggja þarf upp arðbærari ferðaþjónustu til næstu aldar. Lítil metnaður er í því fólgin að ætla að byggja upp ferðaþjónustu sem stendur jafnfætis samkeppnisaðilunum að gæðum. Eini mögulegi kosturinn er að vera betri.

Við höfum möguleikana fölgna í landinu og þjóðinni og krafturinn er fyrir hendi í ferðaþjónustunni. Þessa krafta þarf að virkja til frekari arðsemi. Sú virkjun má ekki vera á kostnað auðlindarinnar sem er grundvöllur vaxtarins, landsins sjálfs.

ÞJÓÐIN ER GESTGJAFINN

Á síðustu 50 árum hafa rúmlega þrjár og hálf milljón erlendra gesta sótt okkur heim, þar af um sextán hundruð þúsund síðustu tíu árin. Það er vitað að í ferðaþjónustu er máttur umtalsins meira virði en öll hefðbundin markaðssetning. Vinir, kunningjar og ættingjar segja frá reynslu sinni af ferðalögum. Þær milljónir útlendinga sem hafa sótt okkur heim hafa sagt frá kynnum sínum af landi og þjóð.

Hér gegnir þjóðin lykilhlutverki, hún er gestgjafinn. Við höfum boðið þessum gestum að dvelja hér, til að skoða okkar heimkynni og verða hluti af okkar daglega lífi um stund.

Erlendir gestir eru „gestir þjóðarinnar“ og við erum gestir einstakra landshluta á ferðum okkar um eigið land. Viðmót þjóðarinnar, hvort sem er í verslun, á sundstað, safni eða bensinstöð, getur skipt sköpum um þá mynd sem við skiljum eftir í huga gestsins. Sú

mynd ræður hvort hann hefur áhuga á að koma aftur í heimsókn og hvernig hann ber okkur söguna. Við getum þannig öll átt þátt í að auka möguleika okkar til enn frekari gjaldeyrisöflunar með því að gera sem flesta gesti okkar að „Íslandsvinum“ til lífstíðar.

En það er ekki einungis viðmótið sem hefur áhrif á líðan gestsins. Umhverfið sem við bjóðum gestum okkar til skiptir ekki síður máli. Þegar við eigum von á gestum inn á heimili okkar tökum við til, fleygjum rusli og látum allt líta vel út. Hver skyldu áhrif umhverfis á Íslandi vera á gesti okkar?

Samkvæmt könnunum fær hið náttúrulega umhverfi ágætiseinkunn erlendra gesta. En hvað með hið manngerða? Við höfum frá náttúrunnar hendi fengið í hendur afar sérstakt land sem við erum búin að breyta á margvíslegan hátt með búsetu okkar í 1100 ár. Því er ekki að neita að farið er að bera á athugasemdum gesta um þær breytingar okkar.

Hvað með hönnun, til dæmis? Allar byggingar og framkvæmdir eru hluti af umhverfinu. Höfum við lagt okkur nægilega eftir því að skapa íslenska hönnun sem fellur að og samræmist hinu náttúrulega umhverfi? Eru stór alþjóðleg auglýsingaskilti í íslenskri náttúru, svo dæmi sé tekið, hluti þess umhverfis sem mun tryggja okkur ágætiseinkunn í umhverfismálum á næstu öld? Höfum við lagt okkur eftir því að skapa þjóðlega hönnun í samræmi við okkar menningararf, eða eru byggingar okkar í ósamræmi við okkar náttúrulega umhverfi og menningu?

Þessu er varpað fram hér til umhugsunar um það framtíðarútlit sem við viljum hafa á umhverfi okkar. Það er nefnilega ekki nóg að móta stefnu um verndun og nýtingu hins náttúrulega umhverfis ef ekki er hugsað til framtíðar í hinu manngerða umhverfi. Þjóðin sýnir gestum viðmót og þjóðin malar þá mynd sem gestir fara með hédan að lokinni heimsókn.

Ég þakka að lokum ánægjulegt samstarf við alla innan ferðaþjónustunnar, opinbera aðila sem og aðra, sem með miklum dugnaði hafa enn aukið umsvif og mikilvægi atvinnugreinarinnar.



Magnús Oddsson, ferðamálastjóri.

Gistináttatalning

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar var heildarfjöldi gistinátta erlendra og innlendra gesta árið 1996 alls 1.348.452 árið 1996 og hafði þeim fjölgað um 6,4% frá árinu 1995 en þá var fjöldi þeirra 1.267.610.

	1995	1996	Breyting
Erlendir gestir:	815.228	865.702	6,2%
Innlendir gestir:	452.382	482.750	6,7%

Af heildarfjölda gistinátta var hlutfall Íslendinga 36% en útlendinga 64%. Ef litið er á einstakar tegundir gististaða sést að erlendir ferðamenn eyða mun fleiri nóttum en Íslendingar á farfuglaheimilum og hótélum og gistiheimilum. Hlutfall útlendinga á farfuglaheimilum var 84% en á hótélum og gistiheimilum 71%. Íslendingar eiga þó vinninginn í svefnpokagistingu með 71%. Þjóðverjar voru fjölmennastir erlendra gesta á öllum tegundum gististaða.

Þegar skoðuð er hlutfallsleg skipting gistinátta eftir landsvæðum og ríkisfangi gesta árið 1996 má sjá að af heildargistinóttum voru 37,6% á höfuðborgarsvæðinu, 16,3% gistinátta Íslendinga og 49,4% gistinátta útlendinga. Finnar, Norðmenn, Svíar, Írar og Bandaríkjamenn verja mestum tíma á höfuðborgarsvæðinu eða 70-80% gistinátta, en Frakkar minnstum tíma eða 26% gistinátta.


Heimild: Hagstofa Íslands.

Heildarfjöldi gistinátta eftir ríkisfangi gesta


	1996	1995	Breyting
Allt árið	1.348.452	1.267.610	6,4%
Ísland	482.750	452.382	6,7%
Danmörk	57.897	51.600	12,2%
Svíþjóð	65.564	62.177	5,4%
Noregur	44.697	44.898	-0,4%
Finnland	15.426	13.127	17,5%
Bretland	78.436	66.440	18,1%
Írland	4.651	2.121	119,3%
Þýskaland	253.142	252.587	0,2%
Holland	37.066	31.521	17,6%
Belgía	9.620	5.754	67,2%
Frakkland	72.431	67.498	7,3%
Sviss	34.359	42.172	-18,5%
Austurríki	20.284	20.795	-2,5%
Ítalía	30.652	23.083	32,8%
Spánn	12.396	8.856	40%
Önnur Evrópulönd	32.673	36.193	-9,7%
Bandaríkin	54.652	47.494	15,1%
Kanada	10.957	2.645	314,3
Japan	11.713	7.052	66,1%
Önnur lönd	19.086	29.215	-34,7%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Heildargistinætur 1996



Gistinætur útlendinga – skipting eftir þjóðerni



Fjöldi erlendra ferðamanna

Árið 1996 heimsóttu 200.835 erlendir ferðamenn Ísland samkvæmt upplýsingum Útlendingaeftirlitsins og eru það rúmlega ellefu þúsund fleiri en sóttu landið heim árið 1995. Aukningin er því um 5,8% milli ára.

Sem fyrr voru Þjóðverjar fjölmennastir eða 34.430, frá Bandaríkjunum komu 30.697 og Bretlandi 22.618. Ferðamenn frá Norðurlöndunum voru 58.761.


Til viðbótar komu með skemmtiferðaskipum alls 21.937 erlendir ferðamenn í 51 ferð, en þeir voru 21.348 í 50 ferðum árið 1995.



Sigurður Sigmundsson

Við Skeiðarárjökul.

Skipting eftir þjóðerni '96



Erlendir ferðamenn sem heimsóttu Ísland með skemmtiferðaskipum 1996

Bandaríki Norður-Ameríku	2.495
Bretland	3.136
Þýskaland	11.666
Frakkland	2.348
Sov./rússn. vegabréf	369
Austurríki	286
Svíþjóð	263
Ítalía	259
Eistland	251
Kanada	179
Sviss	159
Aðrir	526
Alls	21.937

Breyting milli ára

ÞJÓÐERNI:	1996	1995	Breyting
Bandaríki N-Ameríku	30.697	28.633	7,2%
Kanada	2.418	1.150	110,3%
Önnur lönd Ameríku	643	619	3,9%
Danmörk	21.547	22.512	-4,3%
Svíþjóð	18.786	19.027	-1,3%
Noregur	14.451	13.448	7,5%
Finnland	3.977	4.206	-5,4%
Bretland	22.618	17.520	29,1%
Írland	1.960	1.114	75,9%
Þýskaland	34.430	36.840	-6,5%
Frakkland	10.975	9.142	20,1%
Belgía	2.344	1.842	27,3%
Holland	7.517	6.558	14,6%
Lúxemburg	984	770	27,8%
Austurríki	3.600	3.744	-3,8%
Sviss	5.322	6.489	-18%
Ítalía	4.713	3.792	24,3%
Spánn	2.003	1.560	28,4%
Portúgal	354	356	-0,6%
Grikkland	224	178	25,8%
Sov./rússn. vegab.	772	600	28,7%
Pólland	766	625	22,6%
Japan	2.567	2.410	6,5%
Júgóslavía	141	118	19,5%
Tékkland/Slóvakía	977	636	53,6%
Búlgaría	38	47	-19,1%
Ungverjaland	219	271	-19,2%
Rúmenía	128	54	137,0%
Taiwan	1.662	1.655	0,4%
Afríka og Asía	1.978	2.200	-10,1%
Ástralía og Nýja Sjáland	727	587	23,9%
Ríkisfangslausir	21	50	-58,0%
Aðrir	1.276	1.043	22,3%
Samtals	200.835	189.796	5,8%

Auk þessara erlendu farþega heimsóttu 21.937 erlendir gestir landið með 51 skemmtiferðaskipi á árinu.

Gjaldeyrstekjur af ferðapjónustu

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands voru gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum alls kr. 20.755 milljónir árið 1996 samanborið við kr. 18.194 milljónir árið 1995.


Gjaldeyrstekjunum er skipt í tvo meginflokka, fargjaldatekjur og ferðakostnað innanlands:

Fjárhæðir eru í milljónum króna


	1993	1994	1995	1996
Tekjur af erlendum ferðamönnum	15.747	17.804	19.915	20.755
Ferðakostnaður á Íslandi	9.764	10.595	12.004	11.722
Áætlaðar fargjaldatekjur	5.983	7.209	7.911	9.033

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Gjaldeyrstekjur af ferðapjónustu 1993-1996



Komur erlendra ferðamanna til Íslands 1973-1996



Heimild: Útlendingaefirlitið.

Skýrslur frá skrifstofum



Oddur Hermannsson.

Dynjandi.

Akureyri

Umhverfismál

Eins og undanfarin ár veitti Ferðamálaráð styrki til úrbóta á ferðamannastöðum. Að þessu sinni voru veittir styrkir til úrbóta á Norðurlandi og Austurlandi og var umhverfisnefnd skipuð fulltrúum þessara landshluta. Aldrei áður hefur verið veitt eins miklu í þennan lið en úthlutað var sex milljónum til tæplega þrjátíu verkefna og tókst samt ekki að koma til móts við nema hluta umsækjenda. Í tengslum við styrkina var veitt ráðgjöf vegna framkvæmda.

Leitað var til ferðamálafulltrúa vegna tilnefninga til umhverfisverðlauna og bærust margar mjög góðar tillögur. Knerrinum á Húsavík voru veitt verðlaunin að þessu sinni (sjá bls. 21).

Aukafjárveiting Alþingis til „umhverfismála á fjöl-sóttum ferðamannastöðum“ tvöfaldaðist frá fyrra ári og var nú tíu milljónir króna. Skrifstofan á Akureyri hélt alfarið utan um þau verkefni sem unnin voru fyrir þessa fjárveitingu. Helstu verkefnin voru:

Hraunfossar; þar var unnið í nánú samstarfi við Vegagerðina á Vesturlandi. Aðkoma öll var bætt til muna, gerð bílastæði, útsýnispallur, göngustígar lagaðir og bætt úr miklum gróðurskemmdum á svæðinu. Til að fagna þessum áfanga var efnt til athafnar við fossinn þar sem samgönguráðherra „opnaði“ svæðið eftir úrbæturnar og var síðan haldið til kaffisamsætis í Reykholti. Halldór Jóhannsson landslagsarkitekt var hönnuður verksins.

Gengið verður frá gönguleiðinni að Barnafossi á árinu 1997.

Detifoss; göngustígur, útsýnispallur og tvö skilti. Var með þessum framkvæmdum bætt úr brýnni þörf á þessum stað en slyshöfðu verið þar tíð enda svæðið erfitt yfirferðar. Um miðjan september var haldin „vígsluathöfn“ við fossinn enda höfðu margir komið þarna að málum, m.a. Eimskip, landeigendur, sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps, Vegagerðin á N-Austurlandi o.fl. Helga Aðalgeirsdóttir landslagsarkitekt hannaði úrbæturnar.

Áframhald varð á framkvæmdum á árinu 1997 (snyrtiaðstaða, vegur, bílastæði o.fl.)

Dynjandi; þar var farið í miklar úrbætur á aðkomu, bílastæði, göngustígum o.fl. Einnig var sett upp skilti. Fallegir veggir voru hlaðnir á tjaldstæðinu. Dynjandi var annar af fossunum sem Eimskip tók „í fóstur“. Framkvæmdum var haldið áfram árinu 1997 (snyrtiaðstaða o.fl.). Hönnuður framkvæmdanna var Oddur Hermannsson landslagsarkitekt.

Krýsuvík; skilti, göngustígur og útsýnispallur.

Hveraröndin við Námafjall; hellulögn, útsýnispallur og skilti. Halldór Jóhannsson landslagsarkitekt hannaði framkvæmdir í Krýsuvík og við Námafjall.

Hallormsstaðaskógur; umtalsverðar endurbætur á snyrtiaðstöðu.

Útgáfumál

Útgáfa Handbókar Ferðamálaráðs var með hefðbundnum hætti sem og útgáfa Scandinavian Agents' Manual (SAM) en haldið var áfram að selja aðgang að ritinu. Ákveðið var að selja einnig pláss á svokallaðar gular síður (kálfur í Íslandsbæklingi Ferðamálaráðs). Mæltist það misvel fyrir en þó gekk salan vel og hafðist þannig nokkuð upp í kostnað. Í ársbyrjun gáfum við út Græna kverið, en í því er að finna markmið Ferðamálaráðs í umhverfismálum og lýsingu á starfsemi Ferðamálaráðs



á sviði umhverfismála. Var bætt úr brýnni þörf með þessari útgáfu en mikið er leitað til okkar eftir upplýsingum af þessu tagi. Rauða kverið – leiðbeiningar fyrir starfsfólk upplýsingamiðstöðva – var gefið út öðru sinni að lokinni endurskoðun og betrubótum.

Hefur kverið verið mikilvægt plagg fyrir þá sem hyggjast koma upp upplýsingastarfsemi fyrir ferðamenn og það fólk sem þegar starfar að upplýsingagjöf.

Í árslok lauk síðan vinnu við fyrsta „Ísland sækjum það heim“ bækling Ferðamálaráðs en hann kom út í ársbyrjun 1997.

Fræðslu- og kynningarmál

Starfsfólk skrifstofunnar hélt erindi á ýmiss konar ráðstefnum sem og fyrirlestra í Háskólanum á Akureyri, á ferðamálabrautinni á Hólum og víðar. Eins og venjulega var haldið námskeið fyrir starfsfólk upplýsingamiðstöva og þótti það takast mjög vel. Skrifstofan og Náttúruverndarráð stóðu í sameiningu fyrir námstefnu um merkingar á ferðamannastöðum. Fulltrúi frá Skov- og Naturstyrelsen í Danmörku kom til landsins af þessu tilefni og var námstefnan vel sótt af m.a. skipulagsfræðingum, landslagsarkitektum og ferðamálafulltrúum.

Vestnorden kaupstefnan var haldin á Akureyri þetta árið og notuðu margir tækifærið og heimsóttu skrifstofuna.

Ísland, sækjum það heim

Efnt var á ný til samstarfs við Olúfélagið hf. og RÚV. Að þessu sinni var m.a. ákveðið að reyna að efla upplýsingagjöfina á bensínstöðvunum og í því skyni voru settir upp sérmerktir bæklingarekkar á tíu stöðvum. Einnig var bryddað upp á þeirri nýjung að gefa út Vegabréf ESSO og Ferðamálaráðs. Var því dreift í 50 þús. eintökum um allt land og fólk hvatt til að safna í það stimplum hjá ferðaþjónustuaðilum og á bensínstöðvum. Samhliða þessu var leikur á Rás 2 og vikulega voru dregnir út veglegir vinningar. Einnig var haft samstarf við RÚV vegna þáttanna Helgi í héraði og vegna afsláttar á auglýsingum á ákveðnum tímabilum. Ekki bar á öðru en að allt þetta mæltist vel fyrir og ekki ástæða til annars en bjartsýni hvað ferðalög Íslendinga um eigið land varðar. Margt konar umfjöllun um ferðalög innanlands eykst hröðum skrefum í öllum fjölmiðlum sem og innan greinarinnar sjálfrar og er það vel.

Hér hefur verið stiklað á stóru um starfsemi skrifstofunnar á árinu 1996.

Öllum sem störfuðu með okkur skal hér með þakkað ánægjulegt samstarf.

Helga Haraldsdóttir

Frankfurt

Sérfræðingar í Þýskalandi telja að árið 1996 hafi verið erfitt ár fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu. Þýska stórtímaritið Der Stern fjallaði í júní um ástandið í ferðamálum og hafði eftir stjórnarformanni Hapag Lloyd flugfélagsins eftirfarandi lýsingu sem mér fannst hitta vel í mark:

„Þjóðverjar sem lengi hafa verið þekktir sem heimsmeistarar í ferðamennsku flýta sér ekki lengur að bóka dýrmætustu vikur ársins. Þeir bíða rólegir þar til tækifæri gefst til að kaupa miða á góðum kjörum.“

Blaðið nefnir nokkrar ástæður fyrir þessu breytta hugarfari, t.d. ótta við sparnaðarráðstafanir ríkisstjórnarinnar, slæma stöðu þýsks atvinnulífs sem gæti leitt til atvinnuleysis, óvenju kalt og rigningasamt vor, Evrópukeppni í fótbolta og Ólympíuleikana. Kalt vor fór sérstaklega illa með ferðaþjónustu á Norðurlöndum og í júlí sögðu dagblöðin hér frá því að fólk hefði flúið sumarbústaði í Danmörku vegna kulda og rigninga. Þann 10. júlí snjóaði í Alpafjöllum! Það var því engin furða að menn leggðu frekar leið sína til sólarlanda en norður á bóginn.

Ísland slapp samt naumlega fyrir horn þó að tölur um fjölda ferðamanna frá þýskumælandi löndum, þar sem menn eru vanir að bóka ferðir sínar snemma á árinu, væru ekkert til að hrópa húrra fyrir. Betur gekk í þeim löndum þar sem bókanir eru seinna á ferð – Frakklandi, Ítalíu og Spáni – en þau skiluðu öll góðum árangri. Einnig gekk vel í Hollandi og Belgíu, svo og í Tékklandi. Þar mátti greinilega sjá árangur af þátttöku okkar á kaupstefnunni Holiday World í Prag, blaðamannaheimboðum svo og sölustarfsemi íslenskra ferðaheildsala og Flugleiða. Þó nokkrar rútur frá Tékklandi sáuust um borð í Norrænu og síðar á hringveginum. Því miður voru Ungverjar fáir, gjaldmiðill þeirra var og er greinilega allt of veikur.

Mjög mikið var að gera á skrifstofu Ferðamálaráðs í Frankfurt vorið 1996 og voru sent út alls 10.600 upplýsingabréf fyrstu fimm mánuði ársins, ýmist beint eða í gegnum dreifingarfyrirtæki sem samstarf er við. Sérstök áhersla, eins og alltaf, var lögð á eflingu pakkaferða og hóteltistingar. Í lok ársins voru upplýsingabréfin orðin um það bil 15.000.

Í mars og apríl urðu „vaktaskipti“ hér á skrifstofunni. Stella Kristinsdóttir lét af störfum eftir fimm ára farsælt starf og Guðrún Rós Jónsdóttir yfírgaf okkur mánuði seinna. Þeim ber báðum að þakka fyrir ánægjulegt samstarf og vel unnin störf. Í apríl kom Berglaug Skúladóttir til starfa og þýsk námsstúlka að nafni Grit Weissman starfaði á skrifstofunni um sumarið. Síðan hefur unnið hér þýskur piltur, áhugasamur og algjör tölvusnillingur, Jens Bitsch að nafni.

Á skrifstofunni sem rekin er í Mílanó í samstarfi við Flugleiðir starfaði Guðný Margrét Emilsdóttir og á hún að mínum dómi stóran þátt í þeim uppgangi sem þar hefur orðið á síðasta ári.

Starfsmenn okkar hafa aldrei tekið þátt í jafnmörgum kaupstefnum og sýningum og árið 1996 og þurftum við tvisvar að biðja aðalskrifstofuna í Reykjavík

um liðsstyrk. Magnús Ásgeirsson tók við af mér í Madrid og Utrecht vegna þess að sýningartími þar stangaðist á við aðrar sýningar. Því miður var veðrið með eindæmum slæmt í janúar og febrúar og gerði það sýningargestum og starfsfólki oft erfitt fyrir. Snjóskafar hömluðu för fólks í Vínarborg, München og Hamborg, en hálka og þoka í Stuttgart og Leipzig.

Sýningin í Prag kom mér mest á óvart. Fyrstu tvo dagana fylltu 10.000 fagmenn hinar falletgu Jugend-



stíl-hallir sem voru byggðar fyrir heimssýninguna árið 1899. Sýningargestir komu ekki bara frá Tékklandi heldur líka frá Póllandi, Rússlandi, Króatíu og Slóveníu.

Sýningarnar í Offenburg í júlí og Essen í nóvember voru frábrugðnar venjulegum ferðasýningum og þess vegna skemmtilegri. Í Offenburg, sem er við landamæri Frakklands, Sviss og Þýskalands, var haldin gríðarstór hestamessa, EURO Cheval 96, og komu gestir frá öllum nágrennalöndunum. Ísland var Gastland í þetta skipti, þ.e. heiðursgestur. Svæðið var prýtt íslenskum fánum, Ingimundur Sigfússon sendiherra flutti góða setningarræðu og íslenskir hestar voru sýndir tvisvar á dag og vöktu mikla athygli.

Fyrstu tvo dagana í nóvember var menningarlífíð efst á lista í Essen, 700.000 manna stórborg í hjarta Ruhr-fylkisins. Á vegum útgáfufyrirtækisins Nordis fór þar fram Norðurlandakynning í húsakynnum fyrrverandi kolanámu, sem nú hefur verið breytt í menningarmiðstöð. Aftur var Ísland Gastland og aðaltrömp hinnar fjölbreyttu dagskrár. Rithöfundarnir Einar Kárason og Einar Már Guðmundsson lásu á þýsku úr verkum sínum og þau Ingi Gunnar Jóhannsson og Alda Sigurmundsdóttir fluttu íslenskan fróðleik fyrir troðfullum sal. Þá sýndi Tólli sín stóru málverk sem sómdu sér mjög vel í háum vélasal kolanámunnar. Íslenskir hestar vöktu aðdáun og hrifningu hjá sýningargestum, Bláa lónið seldi baðsölt og krem, þýsk bókabúð sýndi líklega öll verk íslenskra höfunda sem til eru á þýsku og við, ásamt Flugleiðum og nokkrum Íslandsferðaheildsölum, vorum iðin við að vekja athygli á ferðamöguleikum til Íslands hjá rúmlega 3000 sýningargestum. Sýningin tókst að sögn forsvarsmanna mjög vel og á að verða árlegur viðburður.

Mikil menningarhátíð var í Caen í Normandí og veittum við aðstandendum hennar styrk til framkvæmda. Að sögn þátttakenda heppnaðist hátíðin mjög vel.

Ég flutti fyrirlestra hjá landfræðistudentum í háskóla í Aachen og í kjölfar þess fór námshópur hringferð um Ísland í júlí. Eitt af verkefnum þeirra var að tala við íslenska og erlenda ferðalanga á tjaldsvæðum víða um landið og annað verkefni var að kanna afstöðu íslenskra kaupmanna til túrista. Niðurstaðan var svo kynnt í viðurvist samgönguráðherra Halldórs Blöndal og ferðamálastjóra á ITB í mars 1997. Einnig talaði ég við námsmenn ferðaskrifstofuskóla í Suhl í Thüringen-fylki og flutti starfsmönnum DER ferðaheildsala Íslandsboðskap í byrjun vertíðar.

Í nóvember var Norðurlandakynning í Königsstein í Taunusfjöllum, úthverfi Frankfurt, og kynntum við Harald Metzger, ljósmyndari með meiru, Vestnorden-löndin fyrir gestum Ikarus Tours. Þann 6. desember buðu Flugleiðir til samkomu í Lúxemborg vegna sextugsafmælis fyrirtækisins. Þangað komu ferðaskrifstofumenn frá Þýskalandi, Frakklandi, Belgíu og Lúxemborg til að sækja sér fróðleik og síðan kvöldfagnað. Berglaug kynnti landið og ferðamöguleika þess ásamt ferðafrömuðum frá Íslandi, Kanada (Nova Scotia) og Bandaríkjunum.

Fleiri evrópskir blaða- og sjónvarpsmenn lögðu leið sína til Íslands árið 1996 en áður og studdum við ferðir þeirra á mismunandi hátt. Flestir komu frá Þýskalandi, svo frá Ítalíu, Austurríki, Frakklandi, Belgíu, Sviss og Tékklandi. Blaðamennirnir voru oftast einir á ferð, en sjónvarpsmennirnir fleiri saman. Einnig styrktum við hópferðir blaðamanna á vegum Flugleiða, LTU og Atlanta. Við héldum blaðamannafundi með skandinavískum starfsbræðrum okkar í nokkrum borgum Þýskalands. Fréttir fóru reglulega til 500 blaðamanna í Þýskalandi, Sviss, Lúxemborg og Belgíu. Árangurinn hefur sýnt sig í fjöldamörgum, oft glæsilegum greinum, myndabókum og sjónvarpsmyndum.

Við veittum Ráðstefnuskrifstofunni liðveislu með dreifingu á upplýsingaefni og myndböndum og tölum auk þess við fjöldamörg fyrirtæki sem voru í vafa um hvort þau ættu að senda hópa sína til Íslands eða annarra landa. Í september fór ég sem fararstjóri til Íslands með hóp af sölu- og markaðsstjórum stórra þýskra fyrirtækja. Þrátt fyrir að veðrið setti strik í reikninginn og menn yrðu þess vegna að þola rútuferð frá Egilsstöðum um Höfn upp á Vatnajökul og til Reykjavíkur á einum degi sá ég ekki annað en menn væru ánægðir með skipulagninguna hjá Jóhönnu Tómasdóttur og hafa nú þegar nokkrir sent hópa til Íslands í framhaldi af þessari ferð.

Þegar tekið er tillit til aðstæðna gekk okkur ekki eins illa á meginlandinu og við mátti búast. Eins og á fyrri árum voru Þjóðverjar duglegastir allra þjóða að heimsækja Ísland. Þeir eyddu 253.000 gistinóttum á landinu árið 1996, mun fleiri en nokkur önnur þjóð. En þeir munu þó hafa stoppað eitthvað styttra á landinu en oft áður og keypt minna af pakkaferðum sem ég tel beina afleiðingu offramboðs á flugsætum. Lauslega talið voru 5.000 fleiri flugsæti til sölu á þýska markaðinum en árið áður sem leiddi til þess að mikill hluti sætanna lenti hér á útsölu.

New York

Skrifstofa Ferðamálaráðs Íslands í Bandaríkjunum er rekin á sjálfstæðum grunni en er jafnframt þátttakandi í sameiginlegri landkynningarskrifstofu Norðurlandanna í New York. Einn starfsmaður starfar á skrifstofunni en auk þess er keypt bæði vinna og þjónusta út úr norræna samstarfinu. Auk Ferðamálaráðs standa Flugleiðir, Samband veitinga- og gistihúsa og Félag íslenskra ferðaskrifstofa að rekstri skrifstofunnar. Er öllum þessum aðilum þakkaður stuðningur og gott samstarf á árinu.

Bandarískum ferðamönnum á Íslandi fjölgaði um 7% árið 1996 og er það fjórða árið í röð sem um aukningu er að ræða. Þessi staða verður að teljast mjög viðunandi, ekki einungis fjölgunin á síðasta ári heldur einnig hinn góði samfelldi árangur undanfarin ár. Þá er eftirtektarvert að fjölgunin er að miklu leyti utan háannatíma – sem er í beinu samhengi við þær áherslur sem lagðar hafa verið í markaðssetningunni undanfarin ár. Auðvitað liggja margir samverkandi þættir að baki þessum árangri og ber þar fyrst að nefna stöðugan og góðan efnahag í Bandaríkjunum. Það er vitaskuld höfuðatriðið – án almenns góðæris væru markaðsaðstæður ekki fyrir hendi til að skila þessum árangri. Aðrar meginástæður eru svo þær að Ísland hefur markað sér langtímastefnu með markmiðum og áætlunum sem ekki hefur verið hvikað frá.

Landkynning okkar á þessum markaði er orðin fyrsta flokks. Þannig er um hana talað af keppinautum okkar og fjölmiðlum hér um slóðir. Þá hefur tekist að stilla landkynninguna og markaðssetninguna inn á þá markhópa sem við teljum eftirsóknarverða og þá sem ráða við hið háa verðlag á Íslandi. Ennfremur hafa Flugleiðir verið með ákveðnar áherslur á markaðinum og tekist með nýju hugviti að selja Íslandsferðir yfir vetrartímamann þrátt fyrir mjög harða samkeppni. Flugleiðir hafa vaxið mjög á þessum markaði undanfarin

ár og náð því að skapa sér nýtt „niche“. Er ímynd félagsins nú sterkari, betri og um leið verðmætari en hún hefur verið í mörg ár.

Enn einn mikilvægur þáttur velgenginnar er fjölbreytt úrval í íslenski ferðaþjónustu enda er Ísland í hópi fárra ákvörðunarstaða sem nánast engar kvartanir berast um. Ekkert jafnast á við að gefa ávallt jafna

og góða þjónustu. En þótt úrvalið hafi verið mikið og gæðin nokkuð örugg, þá er samt öllum ljóst að mikilla nýjunga er þörf á markaðinum.

Framgangur mála í samstarfi okkar með hinum Norðurlöndunum um stofnun fyrirtækis, Scandinavian Tourism Inc., S.T.I., hefur verið með rólegu móti að undanförunni. Er ástæðan sú að töluvert mismunandi skoðanir eru á milli eigendanna (landanna) um hvaða form skuli vera

á rekstrinum. Vilja sum löndin leggja mest allt sitt púður í samstarfið og markaðssetja fyrst og fremst „Norðurlönd“ en minnka vægi hvers lands í landkynningunni.

Stefna Íslands hefur hinsvegar ávallt verið sú að halda rekstrarumfangi í lágmarki og leggja megináherslu á að markaðssetja Ísland en ekki Norðurlöndin sem heild. Hinu má ekki

gleyma að við höfum komist að mjög hagkvæmum kjörum hvað viðvíkur markaðssetningarþætti fyrirtækisins og mun væntanlega koma í ljós á næstu mánuðum hvaða endanleg stefna verður tekin. Þátttaka okkar í svona samstarfi er bæði nauðsynleg og hagstæð sökum smæðar okkar á svo stórum og dýrum markaði sem hér um ræðir.

New York skrifstofan tók þátt í eða stóð fyrir 30-40 sýningum og Íslandskynningum. Voru þær alla jafna mjög vel sóttar. Glæsilegar samsýningar Norðurlandanna þykja bera af öðrum ferðasýningum í þessu landi og laða jafnan að mjög trausta og öfluga ferðasala.



Ljóst er að á árinu buðu fleiri ferðaheildsalar en nokkru sinni fyrr upp á ferðir til Íslands. Ekki eru enn til endanlegar tölur í þessu sambandi en svo virðist sem um verulega aukningu sé að ræða frá fyrri árum. Skrifstofa Ferðamálaráðs í New York styrkir oft nýja aðila sem óska eftir aðstoð við að fara inn á markaðinn. Greinarmunur er þó gerður á því hvort um vetrar- eða sumarferðir er að ræða og hjálpar þetta verulega, því yfirlitt er fyrsta árið áhættusamt hjá fyrirtækjum sem selja Íslandsferðir.

Góður og vel skipulagður fjölmiðlaáróður er aðal- afgangi markaðssetningar Íslands og hefur mikið verið unnið með fjölmiðlafólki á árinu. Tugir blaða- og sjónvarpsmenn hafa farið til Íslands að áeggjan skrifstofunnar og er að jafnaði mjög mikið skrifað um Ísland í blöð hér. Má eiga von á mikilli og vandaðri umfjöllun í bandarískum fjölmiðlum á næstu misserum.

Áherslur okkar eru að færast frá prentmiðlum yfir í sjónvarp og kallar það á mun meira fé. Enn eru það nær alfarið Ferðamálaráð, Flugleiðir og nokkrir aðrir ferðabjónustuaðilar sem standa undir öllum kostnaði og vinnu við þetta þjóðþrifaverkefni sem allir njóta góðs af. Hér verður breyting að eiga sér stað, þannig að allir sem njóta leggi sitt af mörkum.

Samkvæmt áætlun Flugleiða verður flogið yfir 1200

sinum milli Íslands og Norður-Ameríku á árinu 1997 og er það líklega mesta framboð á ferðum sem verið hefur frá upphafi Ameríkuflugs frá Íslandi. Á næstu árum er gert ráð fyrir enn meiri aukningu flugs á þessum markaði og kallar þetta á mun meira fjármagn til markaðs- og landkynningarstarfa. Miklir möguleikar og tækifæri skapast fyrir íslenska ferðabjónustuaðila þegar svona gerist og notfæra menn sér slíkt án vafa. En svo mikið flug er augljóslega áhættusamt og er því afar mikilvægt að sem flestir taki þátt í markaðssetningunni og noti hér frábært tækifæri til að bæta nýtingu fjárfestinga sinna. Skrifstofa Ferðamálaráðs í New York er reiðubúin að veita aðstoð, sé þess óskað.

Þegar markaðsástand hér er skoðað má sjá að árfærði er með betra móti og ekki annað að sjá en sléttur sjór sé framundan. Óhætt er að fullyrða að við stöndum vel að vígi þar sem gott starf hefur verið unnið á þessum markaði. Þá er vafalaust að samkeppnisstaða okkar mun styrkjast í framtíðinni með þátttöku okkar í sameiginlegri markaðssetningu Norðurlandanna á vegum S.T.I. og áframhaldandi gróskumiklum og vel skipulögðum fjölmiðlaáróðri.

Bestu kveðjur og þakkir fyrir samstarfið á árinu.

Einar Gústavsson

NOKKRAR TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM REKSTUR FERÐAMÁLARÁÐS ÍSLANDS 1996

Inneign hjá Seðlabanka Íslands 01.01.1996	15.928.240		
Framlag Ríkissjóðs á árinu	119.512.243		
Laun og almennur rekstur skrifstofa í Reykjavík og Akureyri			29.458.986
Rekstur skrifstofu í Frankfurt (hlutur FMR)			17.556.222
Rekstur skrifstofu í New York (hlutur FMR)			16.357.978
Ráðstefnuskrifstofa Íslands (hlutur FMR)			4.200.000
Rekstur Upplýsingamiðstöðvar í Reykjavík (hlutur FMR)			3.700.000
Þátttaka í Nordisk Turistråd og European Travel Commission			1.935.723
Þátttaka í ferðasýningum			1.167.755
Til Ferðamálasamtaka landshlutanna			5.375.000
Önnur verkefni, þ.m.t. fundir og ráðstefnur			1.817.992
Ýmis landkynningarverkefni, þ.m.t. kostnaður v/Íslandsbæklings			14.713.451
Ýmis verkefni í umhverfismálum			6.552.665
Vestnorden samstarfið			1.597.990
Kannanir og rannsóknir			1.820.319
Til úrbóta á fjölsóttum ferðamannastöðum			8.634.057
Til hótela á landsbyggðinni			20.025.432
Eignakaup			135.077
Alls tekjur og gjöld	135.440.483		135.048.647
Inneign 31.12.1996			391.836
ALLS	135.440.483		135.440.483

Könnun Ferðamálaráðs meðal erlendra ferðamanna

Á árinu 1996 var byrjað á reglubundinni könnun meðal erlendra ferðamanna á vegum Ferðamálaráðs Íslands. Könnunin er liður í fjögurra ára áætlun ráðsins um upplýsingasöfnun um ferðamenn á Íslandi. Aðdragandann má rekja til umræðu á undanförunum misserum um skort á talnagögnum í ferðaþjónustu.


Stöðug upplýsingasöfnun um ferðamarkaðinn er m.a. liður í að mæla samsetningu hans eftir árstíðum, ferðahegðun, væntingar, þarfir, útgjöld, eyðsluhætti og viðhorf. Leitast er við að svara spurningum sem ætla má að nýtist sem flestum í íslenskri ferðaþjónustu á hverjum tíma.

Hin reglubundna könnun Ferðamálaráðs er lögð fyrir ferðamenn við brottför úr landinu. Úrtakið er valið með hendingaraðferð, en áhersla er lögð á að það endurspegli nokkurn veginn rétta þjóðernasamsetningu. Þeirri vinnureglu er fylgt að fá svör frá a.m.k. 2–2,5% þeirra erlendu ferðamanna sem fara frá landinu á hverju könnunartímabili.


Við framkvæmdina er „ferðaárinu“ skipt í fjögur tímabil og liggja niðurstöður fyrir í skýrsluformi að jafnaði tveimur mánuðum eftir að hverju tímabili lýkur. Í úrvinnslunni er úrtakið vegið út frá daglegum brottfarartölum Útlendingaeftirlitsins til að leiðrétta frávik milli úrtaks og raunverulegrar samsetningar þjóðerna.

Svör við einstökum spurningum eru unnin eftir þjóðerni, markaðssvæðum, þjóðfélagsstöðu (kyni, aldri, starfsstétt, menntun og tekjum), tegund ferðar og tilgangi. Þannig ættu nær allir að geta fundið upplýsingar sem að gagni koma við ákvörðunartöku og uppbyggingu í atvinnugreininni.


Hve löngu fyrir brottför var ferð bókuð/ keypt?



Tegund ferðar



Tilgangur ferðar



Umhverfismál í brennidepli

Unnið var að úrbótum á fleiri stöðum og meira fé varið til umhverfismála á árinu 1996 en nokkru sinni fyrr. Sérstök aukafjárveiting var á fjárlögum til umhverfismála á fjölsóttum ferðamannastöðum, alls tíu milljónir, og var unnið við Hraunfossa, Dettifoss, Dynjanda, Krýsuvík, Hveraröndina við Námafjall og í Hallormsstaðaskógi. Á þessum stöðum var unnið í nánú samstarfi við heimamenn og fleiri aðila og hélt skrifstofa Ferðamálaráðs á Akureyri utan um þessi verkefni. (Sjá nánar bls. 12).

Ferðamálaráð veitti styrki til úrbóta á ferðamannastöðum á Norðurlandi og Austurlandi, samkvæmt samþykkt Ferðamálaráðs um að veita fé til úrbóta í tveimur landshlutum árlega, og var umhverfisnefnd ráðsins skipuð fulltrúum þessara landshluta. Veitt var meira fé í þessar framkvæmdir en nokkru sinni fyrr og var alls úthlutað sex milljónum króna til tæplega þrjátíu verkefna. Þrátt fyrir það tókst samt ekki að koma til móts við óskir nema hluta umsækjenda.



Við Dettifoss. Frá vinstri: Halldór Blöndal samgönguráðberr, Hörður Sigurðsson, forstjóri Eimskips og Valur Þór Hilmarsson, umhverfisfulltrúi Ferðamálaráðs. Dettifoss var annar tveggja fossa sem Eimskip „tók í föstur“ á árinu 1996.

Styrkir til umhverfisúrbóta á Norður- og Austurlandi 1996

STAÐUR

1. Arnarvatnsheiði
2. Borgarvirki
3. Þúfnaveilir
4. Reykir á Reykjaströnd
5. Hólar í Hjaltadal
6. Hrutey
7. Hvítserkur
8. Ólafslundur
9. Vaglaskógur
10. Flateyjardalur
11. Stóragjá
12. Dalfjall í Mývatnssveit
13. Grenjaðarstaður
14. Látur á Látraströnd
15. Papey
16. Gerpissvæði
17. Fardagafoss
18. Skálanes í Seyðisfirði
19. Hafnarhólmi (Borgarfjörður eystri)
20. Snæfell
21. Kverkfjöll
22. Borgarfjörður eystri og nágrenni
23. Loðmundarfj. - Mjóifjörður
24. Stafafellsfjöll í Lónsöræfum

VERKEFNI

1. Gönguleiðir og lokun slóða
2. Göngustígar
3. Gönguleið
4. Vatnsleiðsla
5. Gvendarbrunnur /hleðsla
6. Tröppur
7. Hreinlætisaðstaða
8. Göngustígar að Þrístapa
9. Rotþró við þjónustumiðstöð
10. Snyrtiaðstaða
11. Stigi niður í gjána
12. Gönguleið um fjallið
13. Bæta aðgengi
14. Snyrtiaðstaða
15. Göngustígar
16. Snyrting
17. Stígagerð
18. Hreinlætisaðstaða
19. Gönguleiðir
20. Merkingar gönguleiða + kort
21. Merkingar gönguleiða + kort
22. Merking og uppbygging gönguleiða
23. Merking gönguleiða
24. Stígagerð

Ferðamálaráðstefnan í Reykjanesbæ

Umræður um menningu og stefnumótun í ferðaþjónustu bar hæst á Ferðamálaráðstefnunni sem Ferðamálaráð boðaði til 3.-4. október 1996 í samstarfi við heimamenn í Reykjanesbæ þar sem ráðstefnan var haldin. Þátttakendur voru hátt á annað hundrað.

Formaður Ferðamálaráðs, Birgir Þorgilsson, setti ráðstefnuna og síðan ávarpaði Drífa Sigfúsdóttir, forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar, ráðstefnugesti. Jónas Kristjánsson, ritstjóri og Einar Örn Benediktsson, fjölmiðlafræðingur, fluttu framsöguerindi fyrri daginn um ferðaþjónustu og menningu.

Stefnumótun til framtíðar var heitið á ræðu Halldórs Blöndal samgönguráðherra, sem hann hélt síðari dag ráðstefnunnar. Þá fluttu eftirtaldir aðilar erindi með tilvísan til einstakra þátta stefnumótunarinnar: Pétur Rafnsson, formaður Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins, fjallaði um uppbyggingu afþreyingar til framtíðar; Valtýr Sigurbjarnarson, forstöðumaður Byggðastofnunar á Akureyri, ræddi nýtingu lands í þágu ferðaþjónustu; Hallgrímur Óskarsson frá Flugleiðum flutti erindi um ferðaþjónustu á Interneti, erindi Bjarnheiðar Hallsdóttur ferðamálafræðings hét *Gæði til framtíðar* og Kristófer Oliverson, Hagvangi kallaði sitt erindi *Framtíðarsýn með vísan til stefnumótunar*.

Ráðstefnustjórar voru þau Björk Guðjónsdóttir bæjarfulltrúi og Kristján Pálsson alþingismaður. Eins og oft áður gafst þátttakendum kostur á að taka þátt í umræðum í hópum með hliðsjón af dag-

skránni, en auk þess tók fjöldi fólks þátt í almennum umræðum og ályktanir væru samþykktar.

Heimamenn gerðu höfðinglega við ráðstefnugesti. Boðið var til svokallaðs Suðurnesjateitis fyrra kvöldið og ýmsir staðir heimsóttir en síðara kvöldið var hátíðarkvöldverður í boði Suðurnesjamanna.



Svipmyndir frá Ferðamálaráðstefnunni í Reykjanesbæ í byrjun október 1996.

Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs 1996

Knörrinn á Húsavík hlaut umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs Íslands árið 1996. Halldór Blöndal, samgönguráðherra, afhenti verðlaunin á Ferðamálaráðstefnunni í Reykjanesbæ í október sl. Alls bárust ellefu tilnefningar frá ferðamálafulltrúum víða um land en þetta er í annað sinn sem verðlaunin eru veitt. Á árinu 1995 voru það bændur í Vigur sem urðu fyrir valinu.

Knörrinn er eikarbátur sem smíðaður var á Akureyri snemma á sjöunda áratugnum og er einn fárra sem ekki hefur orðið eyðileggingu að bráð. Fyrir tveimur árum stóð til að farga bátinum en bræðurnir Árni og Hörður Sigurbjarnarsynir ákváðu að kaupa hann og gera upp.

Halldór Blöndal samgönguráðherra sagði í ávarpi sínu að þeir bræður hafi haft að leiðarljósi trú á ís-

lensk eikarskip og verndun menningarsögulegra verðmæta. „Til að endurgerð bátsins uppfyllti kröfur nýju eigendanna var leitað í smíðju til gamalla skipasmíða sem kunnu það handverk sem notað hefur verið í íslenski bátasmíði í gegnum tíðina. Eins var leitað til erlendra sérfræðinga í slíkum málum. Við endursmíði bátsins voru náttúruleg efni notuð eftir megni. Frá upphafi leyfðu bræðurnir engar málamiðlanir og heyrst það kannski best á alíslensku nafni fleysins,“ sagði ráðherra.

Báturinn er gerður út frá Húsavík og er rekinn sem fjölskyldufyrirtæki þeirra bræðra. Með honum er hægt að komast í sjóstangveiði og hvalaskoðun auk þess sem landganga í Flatey býðst í hluta ferðanna. Er þá gengið um eyjuna sem skartar m.a. fallegri kirkju. Þar er og stórt krú- og æðarvarp.



Heimir Hárðarson

Knörrinn.

Fjölmiðlabikarinn 1996

Mál og menning og Forlagið hf. hlutu Fjölmiðlabikar Ferðamálaráðs Íslands árið 1996. Halldór Blöndal samgönguráðherra afhenti Sigurði Svavarssyni framkvæmdastjóra bikarinn við hátíðlega athöfn á Kirkjubæjarklaustri þann 19. apríl. Fjölmiðlabikarsnefnd skipuðu þeir Jóhannes Sigmundsson, Júlíus Sigurbjörnsson og Þorleifur Þór Jónsson, en bikarinn var nú afhentur í 13. sinn.

Ráðherra sagði í ávarpi sínu við afhendinguna að Mál og menning og Forlagið hf. hefðu á síðustu árum stórukið útgáfu á bókum fyrir innlenda og erlenda ferðalanga. Þó hefðu þau líklega aldrei verið jafnstórtæk og á árinu 1995, þegar 17 titlar af því tagi runnu í gegnum prentvélar í upplagi sem samanlagt er nærri 34.000 eintökum. Þá hafi margar bókanna verið gefnar út á allt að þremur tungumálum.

„Uppistaðan í þessari útgáfu er litprentaðar myndabækur með upplýsingum um íslenska náttúru, gönguleiðir og merka staði. Jafnan hefur verið kappkostað að kynna íslenska menningu og sögu á breiðum grunni. Þannig voru á sl. ári meðal annars gefin út verk um íslenska myndlistarmenn, íslenska matarmenningu, hátíðir og tyllidaga, auk þeirra bóka sem fjalla um náttúru Íslands og menningu,“ sagði samgönguráðherra meðal annars.



Sigurður Svavarsson tekur við Fjölmiðlabikarnum úr hendi Halldórs Blöndal samgönguráðherra.

Þá kom fram að Mál og menning og Forlagið hafa lagt ríka áherslu á að kynna íslenskar bókmenntir fyrir umheiminum, til dæmis með því að taka þátt í bókasýningum á erlendri grund. Fyrir tilstuðlan þessara forlaga hafi á síðasta ári verið þýdd þrettán skáldverk eftir tíu íslenska höfundum á samtals fimmtán erlend tungumál – og sé þetta gríðarleg landkynning.



Starfsfólk Ferðamálaráðs Íslands 31. desember 1996

Ferðamálastjóri: Magnús Oddsson

REYKJAVÍK:

Markaðsstjóri: Magnús Ásgeirsson
Upplýsingafulltrúi: Sigrún Hlín Sigurðardóttir
Fjármálafulltrúi: Íris Guðjónsdóttir
Verkefnisstjóri: Oddný P. Óladóttir
Fulltrúi: Helga Bryndís Jónsdóttir

AKUREYRI:

Forstöðumaður: Helga Haraldsdóttir
Umhverfisfulltrúi: Valur Þór Hilmarsson
Fulltrúi: Þórgunnur Stefánsdóttir
Fulltrúi: Helga Gunnur Þorvaldsdóttir

FRANKFURT:

Forstöðumaður: Dieter Wendler-Jóhannsson
Markaðsfulltrúi: Berglaug Skúladóttir
Fulltrúi: Jens Bitsch

NEW YORK:

Forstöðumaður: Einar Gústavsson

Ferðamálaráð Íslands

31. desember 1996

FERÐAMÁLARÁÐ

ÁN TILNEFNINGAR:

Birgir Þorgilsson, formaður
Tómas Ingi Olrich, varaformaður
Þórhallur Jóseppson
Auður Gunnarsdóttir
Þorsteinn Bergsson

Varafultrúar:

Guðmundur Björnsson
Auður Eydal
Guðbjörg Ársælsdóttir
Hildur Jónsdóttir
Þorbjörg Garðarsdóttir

SAMKVÆMT

TILNEFNINGU:

Félag bópfærðaleyfisbafa:
Júlíus Sigurbjörnsson
Þorleifur Þór Jónsson (varamaður)

Félag íslenskra ferðaskrifstofa:

Kjartan Lárusson
Hörður Gunnarsson (varamaður)

Félag leiðsögumanna:

Kristbjörg Þórhallsdóttir
Þórnara Jónasdóttir (varamaður)

Félag sérleyfisbafa:

Ágúst Hafberg
Gunnar Sveinsson (varamaður)

Ferðafélag Íslands:

Höskuldur Jónsson
Kristján M. Baldursson
(varamaður)

Flugleiðir hf.:

Pétur J. Eiríksson
Steinn Lárusson (varamaður)

Náttúruverndararáð:

Kári Kristjánsson
Aðalheiður Jóhannsdóttir (varamaður)

Samband veitinga- og gistingu:

Bjarni I. Árnason
Jónas Hvannberg (varamaður)

Önnur flugfélög en Flugleiðir hf.:

Ómar Benediktsson
Hörður Guðmundsson (varamaður)

Ferðahjónusta benda:

Paul Richardson
Ingi Tryggvason (varamaður)

Reykjavíkurborg:

Helgi Pétursson
Sigrún Sigurðardóttir (varamaður)

Ferðamálasamtök Vesturlands:

Pétur Geirsson
Þórdís G. Arthursdóttir (varamaður)

Ferðamálasamtök Vestfjarða:

Áslaug S. Alfreðsdóttir
Sigurjón Þórðarson (varamaður)

Ferðamálasamtök Norðurlands vestra:

Ófeigur Gestsson
Sigríður Gróa Þórarinsdóttir
(varamaður)

Ferðamálasamtök Norðurlands eystra:

Jón Illugason
Jónas Vigfússon (varamaður)

Ferðamálasamtök Austurlands:

Kristófer Ragnarsson
Guðmundur Ingvason (varamaður)

Ferðamálasamtök Suðurlands:

Jóhannes Sigmundsson
Valgeir Ingi Ólafsson (varamaður)

Ferðamálasamtök Suðurnesja:

Jóhann D. Jónsson
Kristbjörn Albertsson (varamaður)

Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins (ábyrnarfulltrúi):

Pétur Rafnsson

Íslensk verslun (ábyrnarfulltrúi):

Haukur Hauksson

FRAMKVÆMDA-STJÓRN

Birgir Þorgilsson, formaður
Tómas Ingi Olrich, varaformaður
Kjartan Lárusson,
fulltrúi Félags ísl. ferðaskrifstofa
Pétur J. Eiríksson,
fulltrúi Flugleiða
Bjarni I. Árnason,
fulltrúi SVG
Helgi Pétursson,
fulltrúi Reykjavíkurborgar
Jón Illugason,
fulltrúi ferðamálasamtaka
landshlutanna

FULLTRÚAR Í NOKKRUM RÁÐ-UM OG NEFNDUM:

Nordisk Turistråd:
Magnús Oddsson

European Travel Commission, ETC:
Magnús Oddsson

Vestnorden ferðamálanefndin:

Birgir Þorgilsson
Pétur J. Eiríksson
Magnús Oddsson

Stjórn Útflutningsráðs Íslands:

Sigurður Helgason
Kjartan Lárusson (varamaður)

Stjórn Ferðamálasjóðs:

Ágúst Hafberg
Guðmundur Björnsson
Auður Gunnarsdóttir (varamaður)
Ómar Benediktsson (varamaður)

Stjórn Upplýsingamiðstöðvar ferðamála:

Birgir Þorgilsson, formaður
Pétur J. Eiríksson
Helgi Pétursson

Ferðamálaráð Íslands

Lækjargötu 3

101 Reykjavík

Sími: 552 7488

Fax: 562 4749

Netfang: info@icetourist.is

Ferðamálaráð Íslands

Strandgötu 29

600 Akureyri

Sími: 461 2915

Fax: 461 2729

Netfang: thorgst@icetourist.is

Icelandic Tourist Board

655 Third Avenue

New York, N.Y. 10017

U.S.A.

Sími: (212) 885 9747/9700

Fax: (212) 885 9710

Isländisches Fremdenverkehrsamt

Carl-Ulrich-Str. 11

D-63263 Neu Isenburg

Sími: 6102 254388

Fax: 6102 254570

Netfang: island_info@compuserve.com



FERÐAMÁLARÁÐ
ÍSLANDS

